



Viðtakandi: Íþrótt- og Útilífsráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Reykjavík, 7. september 2026

MIR26080016

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn fulltrúa Vinstrisins um áhrif niðurlagninga hverfamiðstöðva á verkefni í íþróttastarfi

Á fundi íþrótt- og útilífsráð þann 28. ágúst 2026 óskaði fulltrúi Vinstrisins eftir því að sviðsstjóri gæfi skýrslu um hvaða áhrif skyndileg niðurlagning hverfamiðstöðva Reykjavíkurborgar hafi á yfirstandandi verkefni sem miða að því að auka þátttöku barna- og ungmenna í íþróttastarfi.

Hverfismiðstöðvarnar hafa unnið að því að stuðla að þátttöku barna í íþrótt- og frístundastarfi og að því að auka nýtingu frístundastyrks, m.a með virku kynningarstarfi inn í skólana. Þá hefur Suðurmiðstöð jafnframt haldið utan um sérstaks átaks- og tilraunarverkefni „Frístundir í Breiðholti“ sem var sett sérstaklega af stað til að bregðast við dræmri þátttöku barna í íþrótt- og frístundastarfi. Hverfismiðstöðvarnar hafa jafnframt sinnt mjög öflugum forvarnarstarfi sem styður einnig við aukna þátttöku barna- og ungmenna í íþróttastarfi og minna brottfall úr starfinu. Þessi vinna sem hefur verið sinnt af hálfu hverfismiðstöðvanna hefur stutt við þá starfsemi sem heyrir undir menningar- og íþróttasviðs.

Ekki er mögulegt á þessum tímapunkti að leggja mat á áhrif niðurlagningu hverfismiðstöðva á yfirstandandi verkefni sem miða að því að auka þátttöku barna- og ungmenna í íþróttastarfi. Stafar það ekki síst af því að áhrif niðurlagninga hverfamiðstöðva eru ekki komin fram. Samkvæmt því sem fram kemur í tillögum borgarstjóra um þær stjórnskipulagsbreytingar sem samþykktar voru undir lok ágústmánaðar síðastliðins átti að færa verkefni og þjónustu hverfismiðstöðva inn í nýtt skipulag sem byggir á þjónustupörfum íbúa, faglegri sérhæfingu og samræmdri þjónustu þvert á borgin. Miðað við þessar forsendur er ekki ljóst hvort eða að hvaða marki breytingarnar munu hafa áhrif á þau verkefni sem miða að því að auka þátttöku barna- og ungmenna í íþróttastarfi.

Virðingarfyllt,
Steinþór Einarsson
Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs



Reykjavík